

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, og l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, o.fl.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Valdimar L. Friðrikssyni, Helga Hjörvar, Gunnari Örlygssyni og Ögmundi Jónassyni.

1. Við 4. gr.
  - a. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, er verði 2. másl., og orðist svo: Við útreikning á meðaltali heildarlauna skv. 1. másl. skal taka tillit til breytinga á launavísitölu á viðmiðunartímabilinu.
  - b. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Hafi foreldri verið tekjulaust að hluta á þeim tveimur tekjuárum sem meðaltal heildarlauna er miðað við er heimilt að taka tillit til tekna sem foreldri aflar á fæðingarári barns.
2. Í stað orðanna „launa, verðlags og efnahagsmála“ í 1. másl. 7. mgr. 4. gr., 1. másl. 2. mgr. b-liðar 8. gr. og 1. másl. 2. mgr. b-liðar 9. gr. komi: launavísitölu.
3. Við bætist ný grein, er verði 5. gr., og orðist svo:  
Í stað 3. mgr. 14. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:  
Orlofslaun skv. 7. gr. laga um orlof, nr. 30/1987, fyrir þann tíma sem foreldri er í fæðingarorlofi greiðir Fæðingarorlofssjóður til foreldris við lok fæðingarorlofs.  
Ákvæði 1.–3. mgr. skulu jafnframt gilda um leyfi sem veitt er þungaðri konu skv. 11. gr.
4. Á eftir 10. gr. kemur ný grein, svohljóðandi:  
2. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:  
Foreldri sem fær greiddar lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar heldur þeim greiðslum óskertum þann tíma sem það er í fæðingarorlofi og á rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja því samþærilegan rétt og ef staða þess á vinnumarkaði væri önnur, sbr. 13. gr. Þannig verða samanlagðar greiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar og úr Fæðingarorlofssjóði 80% af meðaltali launa og þessara greiðslna á viðmiðunartímabili, sbr. 2. mgr. 13. gr. Sama gildir ef foreldri fær umönnunargreiðslur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð vegna sama barns eða sömu fæðingar. Foreldri sem fær greiðslur í fæðingarorlofi skv. 18. gr. heldur óskertum lífeyrisgreiðslum eða sjúkradagpeningum samkvæmt lögum um almannatryggingar á sama tíma. Kveðið skal nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í sérstakri reglugerð sem ráðherra setur.